



## Fundargerð

204. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 23. mars 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir

### Dagskrá:

1. Hreinsun frárennslis, forhönnun og kostnaðarmat
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:14

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

### 1. Hreinsun frárennslis, forhönnun og kostnaðarmat

Framkvæmdastjóri lagði fram áætlun um rekstur hreinsivirkja sem miða við lausnir sem mælt er með í fráveituskýrslu Eflu sem lögð var fram í síðasta mánuði.

Framkvæmdastjóra er falið að finna leiðir til að magnmæla útrásir fráveitunnar til að geta ákvarðað raunverulegt magn sem er að koma úr fráveitukerfinu.

Framkvæmdastjóra er falið að fara yfir leigusamninga um hreinsivirki með leigusala.

Framkvæmdastjóra er falið að afhenda Fráveituskýrslu Eflu til HAUST og Bólholts ehf.

### 2. Innkomin erindi

a) Fram er lagt bréf frá HAUST dags. 12.03.2016 þar sem “ *eindregið er óskað eftir stuðningi frá sveitarfélaginu og Hitaveitu Egilsstaða og Fella, þannig að ekki orki tvímælis að kröfur HAUST um forhreinsun fráveitunnar byggist á styrkum grunni. Sá stuðningur sem óskað er eftir er að í fráveitusamþykkt sem sveitarfélaginu er heimilt að setja á grunni 25. gr lagan r. 7/1998 um hollustuhætti*



*og mengunarvarnir verði sett ákvæði um hámark olíu, fitu, lífrænna efna o.þ.h. sem losa má inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins.”*

Ákveðin hefur verið fundur með HAUST 6. apríl n.k. þar sem farið yfir þessi mál.

b) Fram lagður tölvupóstur dags. 09.03.2016 frá Stefáni Sigurðssyni f.h. Tölvuteymi ehf. þar er óskað er eftir viðræðum við HEF um leigu á einu til tveimur pörum af ljósleiðarastrengjum í Einarstaði auk leigu gagnaveitulagna til sumarbústaðaeigenda og ferðaþjónustuaðila.

Vísað í afgreiðslu liðar c)

c) Fram eru lögð drög að viðauka 4 við samning á milli Austurljós ehf. (áður Tölvuteymi ehf.) um afnotarétt samkvæmt samningi 11. ágúst 2015. Um er að ræða að virkja núverandi gagnalagnir HEF í dreifbýli.

Karl Lauritzson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá þessum viðaukasamningi ásamt því að gera tillögu að almennri gjaldskrá varðandi afnot af gagnakerfi HEF.

d) Fram er lagður áframsendur tölvupóstur dags 09.03.2016 frá bæjarstjóra Seyðisfjarðar sem varðar möguleika á tengingu hitaveitu um Fjarðarheiðargöng til Seyðisfjarðar.

*Á fundi sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar og byggingarfulltrúi áttu með fulltrúum Vegagerðarinnar þeim Sveini Sveinssyni svæðisstjóra og Gísla Eiríkssyni forstöðumanni jarðgangadeildar Vegagerðarinnar vegna rannsókna og undirbúnings Fjarðarheiðarganga komu m.a til tals möguleiki á að leggja hitaveitulagnir um göngin. Gísli taldi mikilvægt ef forsendur væru fyrir hendi af hálfu veitunnar að þessi möguleiki kæmi til skoðunar og yrði hafður með við hönnun á fyrstu stigum.*

*Óskum góðfúslega eftir að þú takir þetta upp hjá ykkur og ef áhugi er fyrir hendi að af hálfu veitunnar og bæjarstjórnar verðum við upplýst afstöðu til málsins.*

Stjórn staðfestir að mögulegt sé að afhenda bæði heitt vatn til húshitunar og kalt vatn til Seyðisfjarðar ef hlutir þróast á þann veg. Allt er þetta háð verðum, magni og útfærslu. Þá var samþykkt að fara til fundar við fulltrúa bæjaryfirvalda Seyðisfjarðar fljótlega.

### 3. Skýrsla framkvæmdastjóra

*Framlögð gögn á síðasta fundi:*

- Á föstudagsmorgun brann yfir hraðabreytir fyrir borholu 8.
- Verið er að undirbúa verðkannanir fyrir nokkur verk.

### 4. Önnur mál

- a) Næsti fundur 13. apríl 2016 kl 12:00.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:24

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson.